

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 11.10.2018 **Fundartími:** 14:00 – 15:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ), Lúðvig Þorfinnsson (LÞ)

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Farið var yfir útistandandi mál síðasta verkfundar LÞ hefur sent yfirlit yfir strengi á lager. Skv. því eru til strengir í allt verkefnið. Teikningar fyrir áfanga 3 eru tilbúnar, að því gefnu að ekki verið frekari viðbætur og breytingar.
- Unnið er við jarðvinnu í áfanga 3. Bætt verður við brunni við Hvítárholt. Blástur og tengingar í áfanga 1B er lokið. Í mælingum við þann áfanga kom upp bilun í streng, um 500 metrum frá Auðsholti. Finna þarf orsök og í framhaldi bregðast við áður en hægt er að ljúka áfanganum. Ekki er æskilegt að bæta við brunni á þessum kafla, því er stefnt á að skipta út strengnum eftir að orsök liggja fyrir. Einnig á eftir að setja upp nokkra húskassa í áfanga 1B þar sem erfiðlega hefur gengið að komast inn í hús að sögn LÞ. Það eru því nokkur handtök eftir áður en áfangi 1B er tilbúinn og tækur til uppgjors. GD lagði áherslu á að þetta yrði klárað sem fyrst svo að notendur gætu tengst kerfinu.
- Jarðvinna við áfanga 3 er langt komin. Næsti verður unnið við áfanga 7 (Flúðir – Hvítárdalur) og áfanga 8 í framhaldi (Hvítárdalur – Tungufell). Til álita kom að geyma plægingu innan áfanga 3 að lögjólóð svo að hægt væri að hefja vinnu við áfanga 7 sem fyrst. HÚ og HK taka ákvörðun um þetta. Farið var lauslega yfir lagnaleiðir og tengistaði í áfanga 7. Nokkrar breytingar voru gerðar við áfanga 7 sem GD færir inn í teikningar og skrár.
- HK gerði spurðist fyrir um reikning vegna aukaverka merktur Birtingaholt. Líklega um misskilning að ræða. LÞ athuga málið. GD tók fram að aukaverk, ef til kæmu, bæri að innheimta í samræmi við einingaverð í tilboði.
- GD taldi ástæðu til að verktaki skoði framgang verksins í samræmi við verkáætlun. Leggja þyrfti áherslu á að samræma vinnu svo að verkáætlun haldi. Verktakar stefna að því að áfanga 1B og áfanga 3 verði lokið á næsta verkfundi (23. Okt).
- Fleira ekki rætt.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD færir inn breytingar í áfanga 7.
- GD sendir verktökum teikningar og tengimyndur af áfanga 3.
- LÞ kannar grundvöll reiknings vegna aukaverka merktur Birtingaholt